

Nd.

424. Lög

um breyting á lögum nr. 12, 20. okt. 1905, um ritsíma og talsíma o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 24. apríl).

1. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Hver landeigandi er skyldur að leyfa stjórn landssímans að leggja nauðsynlegar virleiðslur fyrir hraðskeytatæki um land sitt, yfir það eða í jörðu, og að efni það, er þarf til lagningar þeirra og viðhalds, svo sem grjót, mól o. s. frv., sje tekið þar sem næst er; svo er og hver eigandi húss eða annars mannvirkis skyldur að leyfa, að virar þessir sjeu lagðir yfir þau, á þeim, gegnum þau eða undir þeim. Verði því við komið, skal þó taka tillit til þess, hvar eigendur eða notendur mannvirkja æskja eftir, að virleiðslurnar sjeu lagðar, þar sem þær snerta eign þeirra, og það þótt þetta hefði nokkurn kostnaðarauka við leiðslurnar í för með sjer.

Mönnum, sem í þjónustu landssímans eru að starfa að þessum leiðslum eða hafa umsjón með þeim, skal heimilt tálmunarlaust að fara um land manna og hús, svo framarlega sem það er nauðsynlegt vegna þessara starfa. Um hús, sem búið er í, mega þeir þó ekki fara nema á daginn, og einungis þá leið, sem visað er, og því aðeins að það sje óþægindalaust fyrir íbúana.

2. gr.

11. gr. laganna orðist þannig:

Nú vilja einstakir menn, bæjarfjelög eða sveitarfjelög leggja leiðslur fyrir hraðskeytasamband eða rafmagn til vinnu, lýsingar o. s. frv. í nánd við þá staði, þar sem eru fyrir leiðslur eða hraðskeytatæki, sem landssíminn hefir sett upp, þá skal hinum nýju leiðslum svo fyrir komið, að eigi geti af þeim hlotist bagi eða óregla á leiðslum eða tækjum þeim, sem fyrir voru. Ef samningum verður eigi við komið um þetta, sker atvinnumálaráðherra úr. Ef einstakir menn, bæjar- eða sveitarfjelög hafa einhverskonar tæki eða leiðslur, sem geta bagað eða valdið óreglu á notkun hraðskeytatækja, skal stjórn landssímans heimilt að gera á kostnað eigenda nauðsynlegar ráðstafanir viðvikjandi tækjum þessum eða leiðslum, til þess að draga úr eða koma í veg fyrir baga þann, er af þeim getur hlotist.

Mönnum, sem í þjónustu landssímans eru að vinna að útrýmingu þessara truflana, skal heimilt tálmunarlaust að fara um land manna og hús, svo framarlega sem það er nauðsynlegt vegna þessa starfs, þó ekki eftir kl. 10 á kvöldin eða fyrir kl. 8 á morgnana.